

Einar E. Sæmundsen.

DAGBÓKARSKÝRSLA SUMARID 1928.
=====

DAGBÓKARSKÝRSLA 1928.

Þórsmerkurför.

Þriðjudaginn 15. maí lagði ég af stað úr Reykjavík með bifreið frá B.S.R. austur að Þverá í Fljótshlíð. En þangað kom Árni í Múlakoti að sækja mig og dótt mitt. Sagði hann að erfiðlega horfðist þá til með Þórsmerkurför, þar sem að enn hefði ekki orðið leið frá Eyjum, en þar væru enn vertíðarmenn teptir. Auk þess væri nóg að starfa fyrir þá fáu, sem heima voru: að setja niður í garða og snúast við lambfé.

16. maí, miðvikudagur.

Um kyrrt í Múlakoti.

17. maí, fimmtudagur. (uppstigningadagur)

Var ég enn um kyrrt í Múlakoti; ekkert leiði til Eyja.

18. maí, föstudagur.

Kom Guðmundur í Ámundakoti að Múlakoti og gat ég fengið hann til þess að heita því að fara með mér inn í Mörk næsta sunnudag.

19. maí, laugardagur.

Náði í Bjarna í Háamúla og hét hann ferð sinni daginn eftir. Vorum við þá orðnir þrír.

20. maí, sunnudagur.

Komumst við Guðmundur frá Múlakoti um nón og tókum Bjarna í leiðinni. Hét Árni að koma daginn eftir, átti ekki heimangengt. En svo voru þeir tímabundnir Guðmundur og Bjarni að báðir þurftu þeir að vera komnir heim fyrir þriðjudag. Var því ekki um annað að gera en leggja saman nótt og dag. Þegar inn í Mörk kom tjölduðum við í Húsadal. Fórum svo norður í Hamraskóga og leituðum þar plantna til miðnættis. Fórum við um mestalla Hamraskóga en urðum lítið fengsælir. Um lágnættið hvíldum við okkur 3 stundir, en leituðum þá um Húsadal. Fórum svo inn í Langadal og Slyppugil, en alstaðar sama sagan: góðar og lífvæmlegar plöntur vanfundnar, en meira um hinar, sem bitnar voru eða skemmdar á annan hátt.

Upp úr hádeginu kom Árni. Eftir að hafa matast fórum við Árni um Litla- og Stóra-Enda, en hina sendum við yfir á Goðaland. Vorum við að safna plöntum til miðaftans, en þá var komið saman í Húsadal, borðað og drukkið og eftir það búið um plönturnar og upp á hestana. Þegar það var gert lagði Bjarni á stað með lestina, en við leituðum betur um Húsadal og varð okkur dálítið ágegg. Út að Múlakoti komum við ekki fyrr en um óttu og vorum þá bæði syfjabir og þreyttir.

22. maí, þriðjudagur.

Lét Árni flytja plönturnar út að Þverá og komust þær þar í

bifreið frá B.S.R. En sjálfur lagði ég af stað ríðandi. Höfðu ýmsir Reykvíkingar beðið mig að taka hesta sína er verið höfðu í fóðri á ýmsum stöðum, og flytja þá til Reykjavíkur. Á leiðinni hitti ég Klemens á Sámstöðum og prestinn á Breiðabólstað, sem báðir fengu plöntur hjá mér. Að Garðsauka kom ég og símaði til Þjórsá til þess að tryggja mér gistingu; sömuleiðis símaði ég að Ölfusá og bað símastýruna þar að síma til Kallaðarness og Biðja um að hestar skógræktarinnar yrðu sendir í veg fyrir mig að Ölfusárbrú daginn eftir. Fékk ég mann mér til hjálpar í Garðsauka, því að þar voru hestarnir þegar orðnir 8, og átti þó við þá að bætast á Rangárvöllum. Héldum við svo um Stóra-Hof, Kirkjubæ og Geldingalæk, og tókum sinn hestinn á hverjum bæ, en sá 12. bættist í hópinn á Brekku í Holtum. Var liðið talsvert á nóttu, er við komum að Þjórsá. Þar var Einar sonur minn fyrir, því eftir honum hafði ég símað frá Múlakoti til þess að hjálpa mér með hestareksturinn suður.

23. maí, miðvikudagur.

Héldum við feðgar frá Þjórsárbrú með hestahópinn að Ölfusá þar frétti ég að hestar skógræktarinnar væru farnir vestur um. Símaði ég til Þorgríms Guðmundssonar og bað hann að gera Þorsteini Þorsteinssyni aðvart um plönturnar. Við Skálann bættust enn 2 hestar í hópinn og héldum við svo vestur á Hól. Þangað kom á móti mér Karl Þórhallsson á mínum hestum. Héldum svo niður úr og tók Karl hestana til geymslu í Breiðholtsgirðingunni, en fylgdi okkur feðgum niður í bæ á mínum hestum. Var þá komin nótt og þessari ferð lokið, en hún hafði tekið 9 daga alls.

Laugardalsferðir.

21. júní, fimmtudagur.

Fór ég með Borgarbílnum austur að Svínavatni; ætlaði ég þar að fá hest upp að Laugarvatni, en tókst ekki. Gekk ég þá upp að Þóroddsstöðum, en þar fékk ég hest. Hélt ég svo að Laugarvatni og var þar nóttina.

22. júní, föstudagur.

Skóðaði ég alla girðinguna og sá þá að við hana hafði verið lappað, svo að nokkur bót var að því, en þó ekki fullnægjandi, enda margir máttarstólparnir fúnir og ónýtir orðnir. En við girðinguna hafði gert Sveinbjörn á Snorrastöðum.

23. júní, laugardagur.

Fékk ég Sveinbjörn á Snorrastöðum til þess að mæla með mér fyrir væntanlegum breytingum á Stórhöfða-álmunni. (Um þá breytingu og ásigkomulag girðingarinnar var gefin skýrsla þá þegar).

Fékk svo hest hjá Sveinbirni og slóst í för með öðrum er fóru til Þingvalla. Þótti tryggara að ná þar í bíl, heldur en suður á Borg. Enda brást það ekki. Komst til Reykjavíkur um kveldið og hafði þá verið 3 daga að heiman.

27. júní fór ég ásamt Magnúsi Þorsteinssyni á leiðis austur í Laugardal með efni til þess að gera við girðinguna. Tókum við okkur fari með Ingólfi Þorsteinssyni og vorum á Borg nóttina.

28. júní, fimmtudagur.

Héldum við áfram í Bílnum upp að Laugarvatni og þaðan inn að Stóragili með flutninginn. Á Laugarvatni var yfirfullt af fólki vegna skólabyggingarinnar, svo við gátum ekki fengið þar gistingu. Komum við okkur þá fyrir á Snorrastöðum og Hjálmstöðum og fengum Sveinbjörn til þess að aðstoða okkur við vinnuna.

29. júní, föstudagur.

Unnið að girðingunni? steyptir hliðstólparnir og endur strengt.

30. júní, laugardagur.

Skift um hornstaurinn hjá Stóragili og aðra máttarstaure upp að Laugarvatnsálmunni. Seinni hluta dagsins lagði af stað, fyrst ríðandi niður að Apá, en þaðan í bíl suður, og hafði þá þessi ferð einnig varað 4 daga.

Norðurför.

5. júlí.

Lögðum við Þorsteinn Þorsteinsson af stað úr Reykjavík með drengina Agnar og Einar og þáðum gistingu að Möðruvöllum í Kjós.

6. júlí.

Héldum við sem leið liggur upp í Vatnaskóg og fórum dálítið um hann. Gistum við á Ceitabergi um nóttina.

7. júlí.

Óveður versta um morguninn með slagviðrisrigningu, svo að okkur hraus hálfgerð hugur við að leggja með drengina út í það. Þó réðumst við í þegar fram undir hádegi leið, enda skánaði veðrið þegar norður fyrir Hestháls kom. Í Norðtungu

biðum við nokkra stund eftir A. J. Johnsen bankagjaldkera, er sammældur var til norðurfararinnar. Héldum svo að Fornahvammi um kveldið og fengum hestana geymda á túnútgræðslu utan við ána.

8. júlí.

Fór Þorsteinn niður að Hvammi að sækja skógræktarstjórnann því að lengra treystist bifreiðin að halda vegna blautra vega. Var og veður slæmt þennan dag og ekki árennilegt að leggja á Holtavörðuheidi. Þó var lagt upp seinni hluta dagsins og rættist betur úr veðrinu en á horfðist. Náðum við að Stað í Hrútafirði og vorum þar nóttina.

9. júlí.

Veður illhryssingslegt. Lögðum seint upp og héldum að Lækjamóti.

10. júlí.

Frá Lækjamóti héldum við inn í Vatnsdal, allt að Haukagili. En vegna þess að bóndinn þar og flestir bændur dalsins voru út á Blönduðs varð ekki lengri töf í. Fórum við að Hjaltabakka og Blönduðs um kvöldið og skiftum okkur á þessa bæi.

11. júlí.

Sendi ég skeyti til mágs míns Stefáns að Hólum í Hjaltadal og bað hann að koma á móti mér á Sauðárkrók. Héldum við síðan frá Blönduðs vestari leiðina yfir fjall niður á Sauðárkrók. Þar skildum Einar litli við samferðamennina og riðum á móts við Stefán er við mættum hjá og fylgdumst með honum að Hrafnhóli.

12. júlí.

Fór Stefán með okkur að Hólum og þaðan að Brekkukoti að finna Jóhann mág minn, mættum samferðamönnum er voru á leið til Hóla til gistingar. En við feðgarnir fórum með Stefáni að Hrafnhóli og vorum þar nóttina.

13. júlí.

Var ætlunin að halda norður yfir Heljardalsheiði og fórum við til Hóla. En veður var slæmt, dimmviðri á fjöllum og snjór niður undir bæi. Varð því ekkert úr ferðalagi. Skildi Hobnsen við okkur og sneri til baka suður á leið og fylgdi honum Jóhann mágur minn. En ég fór enn með Stefáni og var hjá honum nóttina.

14. júlí.

Héldum við norður um Heljardalsheiði og fylgdi Stefán Mágur minn okkur niður í brúnir Svarfæðardals. Náðum að Völlum um

kveldið og vorum þar nóttina.

15. júlí.

Héldum frá Völlum, sem leið liggur inn með Eyjafirði og allt á Akureyri. Tókum okkur gisting á Hótel Goðafoss, en með hestana var sent yfir að Kaupangi.

16. júlí,

Um kyrrt á Akureyri, en um kveldið fóru þeir Magnús og Þorsteinn áleiðis til Reykjahlíðar og fylgdi þeim vertinn á Goðafoss yfir að Hálsi og hafði til þess mína hesta - í misgripum þó - en skilja átti hann þá eftir í Kaupangi þegar hann kæmi til baka.

17. júlí.

Skrapp ég yfir að Kaupangi til þess að athuga hesta okkar, en Pétur H. Lárusson kaupm. hestaði mig. Var ekkert á hestunum að sjá, nema Erni mínum. Hann var haltur, og tók ég hann til Akureyrar, svo að dýralæknir gæti athugað hann. Hafði ég hann svo á "Karoline Rest".

18. júlí.

Fengum við hestana snemma frá Kaupangi og létum járna þá sem með þurfti. Héldum síðan til Vagla.

19. júlí.

Um kyrrt á Vöglum, nema hvað ég skrapp niður að Hálsi til þess að síma eftir dóti, er við höfðum gleymt á hótelinu. Fór svo um skóginn.

20. júlí.

Skrapp ég enn um morguninn til þess að sækja dót það er ég símaði eftir daginn áður og séra Ásmundur hafði komið með. Seinni hluta dagsins héldum við svo frá Vöglum; höfðum stutta dvöl á Hálsi og Sigríðarstöðum og náðum að Stóru-Laugum um kveldið og tókum þar gistingu.

21. júlí.

Vantaði suma hestaða um morguninn; höfðu flúið mýbitið og varð talsverð leit að þeim. Héldum svo norður á bóginn og að Reykjahlíð um kveldið.

22. júlí, sunnudagur.

Um kyrrt í Reykjahlíð.

23. júlí.

Enn um kyrrt í Reykjahlíð, og athuguðum við nánar girðingarstæðið, og sáum þá að vanta mundi girðingar-efni, sem símað var eftir.

24. júlí.

Tókum við daginn snemma og héldum frá Reykjahlíð austur Mývatnsöræfi. Ferjumaður okkar jafnsnemma að Jökulsá og héldum svo að Grímsstöðum. Leigðum hest á Grundarhóli, vegna þess að einn var að skilja eftir í Reykjahlíð. Um háttatíma um kveldið náðum við að Möðrudal og vorum þar nóttina.

25. júlí.

Í Möðrudal skildu leiðir í bili. Hélt ég með syni mínum niður í Vopnafjörð og slóst í för með okkur, þárunn húsfreyjan í Möðrádal. Urðum við síðbúin, hrepptum blindpöku og náðum ekki að Mængsstöðum í Vopnafirði fyrir en um óttu

Í Vopnafirði var ég svo um kyrrt til mánaðarmóta og ferðaæðist milli fornra vina og frænda. Athugaði ég þá um leið Bustarfelsskóg og mældi þar fyrir girðingu (sbr. skýrslu um þá athugun, sem áður er send.)

1. ágúst, miðvikudagur.

Tók ég mig upp frá Syðrivík og héldum við feðgarnit, sem leið liggur út á Hellisheiði og yfir í Jökulsárhlíð. Á Ketilsstöðum í Jökulsárhlíð símaði ég til Guttorms á Hallormsstað að spyrja um skógræktarstjórnann og fékk það svar að hann mundi vera enn niður í Seyðisfirði. Að Surtsstöðum héldum við um kveldið og gistum hjá systur minni, er þar býr.

2. ágúst, fimmtudagur.

Vorum við um kyrrt á Surtsstöðum, nema hvað ég skrapp þéjarbeið að heimsækja aðra systir mína, er þar býr.

3. ágúst, föstudagur.

Hélt ég frá Surtsstöðum og upp að Fossvöllum. Var mér ráðlagt það fremur, heldur en að fara á ferju yfir Jökulsá þar ytra af því ég var með svo marga hesta. En meiningin var svo að fara út að Kirkjubæ til þess að

athuga þar skóglendi. Frá Fossvöllum lét ég spyrja um skógræktarstjórann á Egilsstöðum og fékk það svar að hann hefði verið þar, en ekki var hægt að ná tali af honum. Símaði ég svo til Guttorms á Hallormsstað. Tók ég þá það ráð að ríða beint til Egilsstaða fyrst en fara svo þáðan út með fljóti til Kirkjubæjar. Var hvorttveggja að veður var slæmt, rigning og kafnaðar þoka, svo að ég treystist varla að rata skemmstu leið til Kirkjubæjar frá Jökulsárbrú. En þegar til Egilsstaða kom, hitti ég þar Pál Hermannsson, alþingismað frá Eibum, er sagði mér að skógræktarstjórinn hefði verið hjá sér og fengið ferju yfir fljótið til þess að komast að Kirkjubæ. Sá ég þá að óþarft mundi fyrir mig að ríða þangað úteftir. Símaði ég því til Guttorms að láta hann vita að hann mætti eiga von á mér um kveldið og hélt síðan af stað. Kom Guttormur á móti okkur út að Mjóanesi og komum við ekki að Hallormsstað fyrr en eftir miðnætti.

4. ágúst, laugardagur.

Um kyrrt á Hallormsstað og fór Guttormur með mér um Mörkina, græðireitinn og víðar.

5. ágúst, sunnudagur.

Fórum við Guttormur út að Mjóanesi og dvöldum alllanga stund að Sigrúnu systur hans.

6. ágúst, mánudagur.

Um kyrrt á Hallormsstað. Aðluðum við að fara, rákum heim hesta og löguðum undir þeim sem með þurfti. En leiguhesturinn frá Grundarhóli fannst hvergi þrátt fyrir mikla leit, svo að þess vegna varð ekki af ferðinni þennan dag.

7. ágúst, þriðjudagur.

Var um morguninn og fram eftir degi svipast eftir hestinum, en það kom fyrir sama. Hann var ekki finnalegur. Lögbum við svo af stað frá Hallormsstað, seinni hluta dagsins, fórum á ferju yfir ána og héldum til Bessastaða um kveldið. Skrapp ég um kveldið út að Brekku til þess að halda spurnum fyrir hestinum, en allt bar að sama brunn; enginn hafði orðið hans var, þar á bæjunum.

8. ágúst, miðvikudagur.

Héldum við frá Bessastöðum, sem leið liggur um

Hákonarstaði, Sænautasel og náðum að Möðrudal um kveldið.

9. ágúst, fimmtudagur.

Vorum við um kyrrt í Möðrudal og reið Jón bóndi með okkur inn um bæjarlandið, okkur til mikillar ánægju, enda veður og fjallasýn hin fegursta.

10. ágúst, föstudagur.

Héldum við frá Möðrudal og að Grímsstöðum. Þar varð ég nóttina með alla hestana, en skógræktarstjórinn og Agnar gengu út að Grundarhóli og tóku gistingu þar.

11. ágúst, laugardagur.

Héldum við niður Fjöll og náðum að Skinnastöðum um kveldið.

12. ágúst, sunnudagur.

Um kyrrt á Skinnastöðum. Athuguðum hesta okkar og bárum í meiðsli á þeim.

13. ágúst, mánudagur.

Reið Einar á Ærlæk með okkur yfir á Ásbyrgi til móts við þá Magnús og Þorstein, er þar voru í þann veginn að ljúka við girðinguna. Að Skinnastöðum héldum við svo um kveldið.

14. ágúst, þriðjudagur.

Mælt fyrir girðingu á Skinnastöðum, eða öllu heldur athugað girðingarstæði þar. Tókum okkur upp seinni hluta dagsins og héldum að Svínadal. Þar vorum við nóttina.

15. ágúst, miðvikudagur.

Héldum frá Svínadal upp með Jökulsá, allt að Dettifoss. Héldum þaðan sjónhending austur á veginn og svo sem leið liggur til Reykjahlíðar. Athuguðum girðinguna um leið.

16. ágúst, fimmtudagur.

Tókum við þann jarpa í Reykjahlíð og héldum svo þaðan póstleiðina að Breiðumýri. Áðum dálitla stund að lækninum og símuðum bæði að Fjalli og Húsavík. Skildi ég folana 4 eftir á Breiðumýri, og hélt svo niður dalinn áleiðis til Húsavíkur. Fékk ég Friðrik Póst á Helgastöðum til þess að fylgja mér. Skildum við skógræktarstjóran og Agnar hjá Yrta-Fjalli, en náðum ekki út á Húsavík fyrr en um miðnætti.

17. ágúst, föstudagur.

Tafðist ég á Húsavík langt fram á dag, meðal annars

við að ná hesti sem ég keypti handa Daníel Daníelsson. Fór ég því ekki lengra en að Helgastöðum um kveldið og gisti þar.

18. ágúst, laugardagur.

Fylgdi Friðrik mér að Breiðumýri til læknisins og hirti ég þar fola mína. Héldum við svo Einar litli að Vöglum og var skógræktarstjórinn þar fyrir.

19. ágúst, sunnudagur.

Ætluðum við að Fjósatungu, og þáðan yfir Bíldsárskarð. En Ingólfi alpm. mættum við fyrir neðan Steinkirkju, og snerum við með honum niður dal á móts við Flatagerði. Þar var fundur og sláttumót. Fórum við svo Vaðlaheiði til Varðgjár og skildum hestana þar eftir, en sínuðum eftir Bifreið, sem sótti okkur og flutti yfir á Akureyri þar sem við tókum okkur gistingu á Hótel Gullfoss.

20. ágúst, mánudagur.

Um kyrrt á Akureyri .

21. ágúst, þriðjudagur.

Fór Benedikt Einarsson, söðlasmiður með mér yfir að Varðgjá til þess að sækja hestana og láta járna þá. En jánnsmiðnum á Oddeyri vannst ekki tími til sökum annríkis að járna alla hestana um kveldið, svo Benedikt hjálpaði mér að koma þeim í girðingu út hjá G. brá um nóttina.

22. ágúst, miðvikudagur.

Sóttum við Einar litli hestana og fékk ég nú járnað þá sem eftir var. Um kveldið flutti Pétur H. Lárusson með mér hestana yfir að Varðgjá og hestaði mig til baka.

23. ágúst, fimmtudagur.

Um kyrrt á Akureyri og skoðuð trjástöðin á kirkjunni og gróðrarstöðin.

24. ágúst, föstudagur.

Höfðum við gert ráð fyrir að leggja af stað vestur um þennan dag og ákveðið að komið yrði með hestana um hádegis. En vegna jarðarfara dóttur hjónanna í "Caroline Rest" hættum við við það. Reyndi ég margsinnis að ná símasambandi við Varðgjá en tókst ekki. Réði ég þá dreng fyrir 3 kr. til þess að hjóla yfir að Varðgjá og biðja um að ekki yrði komið með hestana fyrir en í

sama mund daginn eftir.

25. ágúst, laugardagur.

Lagt af stað frá Akureyri, og slóst í förina Björn Sigfússon fyrrum alpm. á K . Skiftum við okkur um nóttina á bæina Bakka og þverá í Öxnadal

26. ágúst, sunnudagur.

Haldið vestur um Öxnardalsheiði og næstu nótt gist á Víðivöllum í Skagafirði.

27. ágúst, mánudagur.

Haldið yfir þveran Skagafjörð um Víðimýri. Skildi Björn við okkur á Stóra-Vatnsskarði en við héldum niður hjá Bólstaðarhlíð niður Langadal og tókum gistingu að Holtastöðum um kveldið.

28. ágúst, þriðjudagur.

Fórum við með Jónatan bónda um morguninn og athuguðum svæði er hann vill láta af hendi til birkifæ-sánings tilrauna. Héldum svo frá Holtastöðum sem leið liggur um Blönduós og inn í Vatnsdal. Skildum við hjá Flögu og hélt ég að Saurbæ.

29. ágúst, miðvikudagur.

Um kyrrt í Saurbæ.

30. ágúst, fimmtudagur.

Haldið úr Vatnsdal og vestur um Víðidal. Áðum stund að Lækjarmóti og haldið svo vestur í Miðfjörð. Skildum hjá Staðarbakka, en ég fór til gistingar að Melstað og varð þar samnóttá Féilma Hannessyni náttúrufræðing.

31. ágúst, föstudagur.

Haldið úr Miðfirði, vestur Hrútafjörð, Holtavörðuheidi og gisting tekin í Fornahvammi.

1. september, laugardagur.

Haldið að Norðtungu um kveldið.

2. september, sunnudagur.

Frá Norðtungu að Geitabergi.

3. september, mánudagur.

Um kyrrt á Geitabergi, enda veður hið versta.

4. september, þriðjudagur.

Haldið frá Geitabergi. Skildum suma hestana eftir í Vatnaskógi, en fengum mann til þess að fylgja okkur á móti bíl er koma átti frá Akranesi. Mættum við honum norðanhalt við Akrafjall. Fór þá maðurinn með hestana sem jafna áttu sig í Vatnaskógi, en við þutum til Akra-

ness. Þaðan tókum við okkur svo fari með Suðurlandi og komumst til Reykjavíkur um kveldið.

Hafði þessi ferð þá varað í 62 daga, en frá þeirri tölu dregst vika eða 7 dagar, sem ég var í Vopnafirði svo að þá verða eftir 55 dagar, sem reikningarnir yfir dagpeninga og hestaleigu eru sniðaðir við.

Vatnaskógarför.

Föstudagur, 21. september.

Fór ég með Hvalfjarðarbátnum upp á Hrafneyri, til þess að sækja hestana. Fékk ég með mér Karl Þórhallsson, hestagæzlumann Fáks, vegna þess að ég treysti mér illa til að reka svo marga hesta að haustlagi. Fengum við á Hrafneyri léða hesta frá Geitabergi og riðum upp í skóg. Vóru hestarnir dreifðir um skóginn og fór talsverður tími í að ná þeim saman. Seinast vantaði Rauð og Storm og fann ég yst út í girðingarhorni. Hefir þá Rauður verið að hugsa heim til fornra stöðva á Hlíðarfæti. Héldum svo að Geitabergi, borðuðum þar og festum allar skeifur sem skröltu. Var komið undir rökkur er við fórum frá Geitabergi, en að Stóra-Botni fórum við um kveldið og náðum aðeins háttum.

22. september, laugardagur.

Lögðum við af stað undir hádegi og fórum Leggjarbrjót, og niður að Skógarkoti. Þótti mér þá of framorðið að halda til Reykjavíkur og náttuðum okkur í Skógarkoti.

23. september, laugardagur.

Héldum við svo niður yfir heiði til Reykjavíkur og kom ég öllum hestunum fyrir á túninu í Tungu um nóttina.

Þórsmerkurför.

Fimmfundagur, 27. september.

Lagði ég af stað úr Reykjavík með 18 hesta, en komst ekki af stað frá Tungu fyrr en undir kl. 6 (miðaftan) varð að bíða eftir tveimur hestum er Skúli Thorarensen bað mig að taka austur á Rangárvelli. Fékk ég með mér Magnús Jónsson frá Laugalandi, er ætlaði þá í híl austur að Öæfusá, en réðist í að reka með mér. Héldum

við austur yfir fjall um nóttina, því hvergi voru hagar, en dýrt að kaupa hey handa svo mörgum hestum. Var tafsamt að reka yfir fjallið, því alltaf voru bílar að mæta okkar og flæma hestana út af. Komum við að Öxnalæk seint um nóttina og áðum þar til hádegis.

28. september, föstudagur.

Tíndum þá saman hestana og héldum að Ölfusá. Þar losnaði ég við 6 en tók þar tvo í staðinn. Hélt ég svo ein-samall austur um. Á Skeggjastöðum skildi ég eftir Glaum Þorst. Þorsteinssonar. Var ég á Þjótanda nóttina.

29. september, laugardagur.

Fór ég frá Þjórsá eins og leið liggur austur í Djúpadal. Þar hitti ég Boga frá Kirkjubæ, sem tók við hestum skóg-ræktarinnar og þeim tveimur, sem Skúli bróðir hans sendi. Þaðan fór ég að Garðsauka og áði þar stundarkorn. Símaði til Árna í Múlakoti og bað hann að koma á móti mér út í Hlíð, vegna þess að ég gerði ráð fyrir að mér yrði tafsamt einum að reka marga hesta inn Hlíðina þegar færi að skyggja. Heim að Breiðabólstað varð ég að fara með tvo hesta. Við Ormskot mætti ég Árna. Sagði hann mér að dótib sem ég hefði austur sent væri geymt þar í skúr hjá B.S.R. og tókum við það. Héldum svo að Múlakoti um kveldið. Mæltist þá Árni strax til að jafnhliða því sem fræinu væri safnað yrði höggvið í Mörkinni undir eftirliti okkar, og taldi ég ekkert því til fyrirstöðu frá minni hendi.

30. september, sunnudagur.

Um kyrrt í Múlakoti. En Árni fór til Hlíðarendakirkju og lét þau boð út ganga að ákveðið væri skógarhögg í Þórs-mörk næstu daga.

1. október, mánudagur.

Fórum við Árni inneftir og tjölduðum í Stóra-Enda. Vórum við einir þessa nótt, en von á fleirum daginn eftir.

2. október, þriðjudagur.

Vórum við Árni snemma á fótum og fórum að skyggjast eftir fræl. Leituðum við um allan Stóra-Enda hátt og lágt án þess að finna fræ á einni einustu hríslu. Fórum við síðan um Litla-Enda, Slyppugil og Langadal og fundum þar heldur ekki fræ. Og að sömu raun komumst við á Stöng. Hvergi nokkurs staðar hinn minnsti vottur um fræ. Seinni hluta dagsins komu þeir Guðmundur í Ámundakoti og Sigursteinn

í Múlakoti með 6 reiðingshesta til þess að sækja skóg-
við á. Voru þeir jafnframt ráðmír til þess að safna
fræi, en þar sem við Árni þóttumst hafa gengið úr
skugga um að ekkert fræ væri að finna, fannst mér ekki
svara kostnaði að láta þá fara að leita, svo að þeir
tóku til óspilltra mála með skógarhöggið. Fór Árni
heimleiðis um kveldið en við urðum innfrá nóttina og
komu enn 2 menn með 5 reiðingshesta.

3. október, miðvikudagur.

Var ég að skógarhöggi fram eftir deginum, en allir
ferðbúnir upp úr hádeginu. Átti ég enn von á mönnum,
svo að ég vildi ekki taka mig upp til heimferðar.
Reið ég samt áleiðis með þeim, sem fóru, fram á aurana
og mætti 5 mönnum með 14 reiðingshesta út á móts við
Engiðal. Var einn þeirra Auðunn í Nikulásarhúsum. Fékk
ég hann með mér yfir í Húsadal til þess einnig að athuga
þar hvort nokkurt fræ fyndist. Skildi ég við Auðunn á
moldunum fyrir ofan Þuríðarstaði; fór hann með hestana,
en ég hélt að girðingunni í Valahnjúk til þess að athuga
hvernig hún staði þar sem hún hafði oftast verið niður-
brotin. Kom ég þá á nýja skógarbraut og þótti kynlegt,
því engu var líkara en farið hefði verið í gegnum girð-
inguna einhvers staðar, þótt ekki væri trúlegt, þar sem
ég gat engin missmíði á henni séð. Ræddum við um þetta
við Auðunn, er við fundumst og gátum lítt gert okkur
grein fyrir þessu fyrirbrigði. Hins vegar hafði ~~frátt~~
frétt að Fjallamenn mundu hafa sótt skóg í Húsadal,
en út um hliðið þar sást engin skógarbraut, enda lá alt
fljótið undir hömrnunum þar fyrir framan og með öllu
ófært með skógardrögur.

Fórum við Auðunn fram og aftur um Húsadal og gengum
úr skugga um að þar var ekki fremur fræ að finna en
annars staðar þar sem ég hafði áður leitað. Héldum við
svo til móts við þá sem biðu í Stóra-Enda. Upp hjá
Snorraríki sáum við merki þess að nýlega hefði verið

farið með skógardrögur og helzt að lestin hefði stefnt upp að Valahnjúk, þó gáfum við okkur ekki tíma til að athuga það nánar þá, og létum það bíða betri stundar.

Þegar inn í Stóra-Enda kom var tekið til óspilltra málanna með skógarhöggið og unnið kappsamlega fram í myrkur. Bættust enn við 3 menn með 8 hesta.

4. október, fimmtudagur.

Var ég á fótum með birtu að leiðbeina þeim, sem eftir áttu að höggva. Vóru allir ferðbúnir upp úr hádeginu og þá lagt af stað. Fórum við Auðunn út að Snorraríki; fundum við fljótt brautina eftir skógardrögurnar og röktum hana alla leið upp í Valahnjúk, en töpuðum henni á grasteigjum sem þar eru. Athuguðum við þá girðinguna þar í kring og fundum fljótt að hún hafði verið sundurtekin um samskeyti, en gengið svo vel frá henni að ekkert hafði slaknað á netinu. Síðar frétti ég að Fjallamenn hefðu verið þarna að verki og átt úr vöndu að ráða:ófært með öllu fram yfir fljót, en talsvert hlaup í Krossá og hún tæplega fær, væri farið fram út Langadal.

Utan við Rana mættum við Innhlíðar drengjum, sem voru á leið inn í Mörk að smala til þess að ná útgangsfénu fram sem nú var eyðilagt. Út aur var svo mikið rok, að ekki sást handaskil fyrir jökuldusti og ryki. Hefi ég aldrei verið á ferð í slíkum rykmekki og þá, og varð feginn er ég náði að Múlakoti um kveldið.

5. október, föstudagur.

Var ég um kyrrt í Múlakoti. Aðlaði ég að safna því sem hægt væri af fræi af birkitrjánunum í Múlakotsgörðunum, en allan þennan dag var svo hvasst að það var ekkert viðlit. Var fræ á allflestum birkihríslunum en einkum þó í Árna garði. Nokkru af reyniviðarfræi náði ég, en það hafði fallið af trjánunum í vetrinu.

6. október, laugardagur.

Sama hvassviðrið hélzt þennan dag allan og gat ég ekkert aðhafst um fræsöfnunina. Kveið ég og því að fræið mundi fjúka af trjánunum, héldi slíku áfram; en svo varð þó ekki, en talsvert mun það hafa ódrýgst eins og gefur að skilja.

7. október, sunnudagur.

Lygndi í svip skömmu fyrir rökkrið og tókst mér þá með aðstoð Lilju Túbals og Eggerts Ólafssonar að safna fræi af fáeinum hríslum. En brátt fór að hvessa aftur, svo við urðum að hætta.

8. október, mánudagur.

Lygndi upp úr hádeginu og tókst mér þá með aðstoð hinna sömu og daginn áður að safna dálitlu í viðbót.

9. október, þriðjudagur.

Tók ég mig upp frá Múlakoti og flutti dótið mitt og fræið út að Ormskoti til þess að komast með næstu ferð frá B.S.R. Þar voru Fljótshlíðarréttir og margt manna. Tókst mér að ráðstafa hestum mínum er ég var þar með í fóður og komst svo í fjártökubíl frá réttinni og með honum fór ég suður. Náði ég til Reykjavíkur um nóttina og var ferðinni þar með lokið. Hafði hún þá tekið 13 daga.

Reykjavík, 15. janúar, 1929.